



KPMG ehf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

Reykjavík, 9. mars 2020

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn KPMG um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun (gagnsæi í rekstri stærri óskráðra félaga o.fl.)**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt til kynningar og umsagnar áform um ýmsar breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Markmið breytingatillaganna er að auka traust á íslensku atvinnulífi, m.a. með því að gera ríkari kröfur um gagnsæi í rekstri stærri óskráðra fyrirtækja. Í 6. gr. frumvarpsdraganna er lögð til breyting á 4. mgr. 109. gr. laga nr. 3/2006 þess eðlis að ársreikningar og samstæðureikningar allra félaga sem geymdar eru inni á ársreikningaskrá verði gerðir aðgengilegir almenningi án endurgjalds á opinberu vefsvæði. KPMG fagnar frumvarpsdrögunum en telur í þessu samhengi fullt tilefni til þess að veita almenningi jafnframt aðgang að öllum skráðum upplýsingum úr fyrirtækjaskrá án kostnaðar, þar með talið vefaðgang að skönnuðum skjölum fyrirtækjaskrár. KPMG mun ekki taka afstöðu til annarra breytingatillagna að svo stöddu en fram koma í 6. gr. frumvarpsdraganna.

### **Aðgangur að ársreikningaskrá**

Ársreikningaskrá er starfrækt af ríkisskattstjóra (Skattinum) ásamt fyrirtækjaskrá, sbr. 2. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá. Báðar skrár hafa að geyma mikilvægar upplýsingar um félög og er ríkisskattstjóra skylt að veita almenningi upplýsingar úr skránum, sbr. 4. mgr. 109. gr. laga um ársreikninga og 3. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá. Ríkisskattstjóri hefur hingað til veitt aðgang að upplýsingum úr skránum til almennings gegn gjaldi í samræmi við lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sem og í gegnum endursöluaðila líkt og CreditInfo og Kelduna. Endursöluaðilarnir greiða þjónustugjöld til Ríkisskattstjóra gegn því að fá aðgang að upplýsingunum, og sú þjónustugjöld fjármagna rekstur skrána.

### **Lög nr. 64/2017 til breytinga á lögum um fyrirtækjaskrá**

Með lögum nr. 64/2017 var lögum um fyrirtækjaskrá breytt. Breytingin fólst í því að nýr málslíður bættist við 3. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá. Málslíðurinn er svohljóðandi: „Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni og skulu allar upplýsingar birtast í rafrænni uppflettingu.“ Að mati KPMG var tilgangur þeirrar lagabreytingar að tryggja að engin gjaldtaka skuli vera fyrir rafræna uppflettingu í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og jafnframt að allar þær upplýsingar sem fyrirtækjaskrá heldur utan um séu aðgengilegar við rafræna uppflettingu. Þessi túlkun KPMG á lagabreytingunni á sér m.a. stoð í greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpi breytingalaganna. Í greinargerðinni segir: „Með frumvarpi þessu er lagt til að upplýsingar fyrirtækjaskrár verði aðgengilegri fyrir almenning. Lagt er til að ekki skuli taka gjald fyrir rafræna uppflettingu í fyrirtækjaskrá og að sömu upplýsingar skuli vera aðgengilegar þar og ef greitt væri fyrir eintak af gögnum úr skránni. Til dæmis er nú aðeins hægt að fá upplýsingar um stjórn og

ársreikninga félaga með því að greiða fyrir þær og telja verður að þær séu því ekki aðgengilegar almenningi.“

Í kjölfar lagabreytingarinnar var ein breyting gerð á rafrænni uppflettingu í fyrirtækjaskrá en sú er að nú er tilgreindur „forráðamaður“ félags, en sá aðili er annað hvort stjórnarformaður eða eini stjórnarmaður viðkomandi félags. Engar upplýsingar eru veittar um aðra stjórnarmeðlimi, framkvæmdarstjóra, endurskoðanda, prókúruhafa eða annað sem skráningarskylt er samkvæmt lögum. Þar að auki má nefna að ársreikningar eru ekki aðgengilegir. Aðgangur að slíkum upplýsingum er enn háð gjaldtöku.

Að mati KPMG er ríkisskattstjóri að vanrækja skyldur sínar samkvæmt núgildandi 3. mgr. 8. gr. laga um fyrirtækjaskrá.

### Tillögur til úrbóta

KPMG leggur til að allur vafi verði tekinn af skyldu ríkisskattstjóra til að birta allar upplýsingar og gögn úr bæði fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá án endurgjalds, á opinberu vefsvæði. KPMG telur að opinber aðgangur að slíkum gögnum geti haft mikil áhrif á traust almennings á íslensku efnahagslífi. Mikilvægt er í þeim efnum að hagsmunir almennings og sjónarmið um gagnsæi séu sett fram fyrir hagsmuni ríkisskattstjóra og þeirra einkaaðila sem græða á miðlun þeirra upplýsinga sem um ræðir.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá skal fyrirtækjaskrá geyma upplýsingar um:

1. Einstaklinga, félög og aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
2. Stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins.
3. Stofnanir og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga.
4. Félög, félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur, erlenda fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila.
5. Aðra starfsemi sem ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá.

Þá inniheldur 4. gr. sömu laga upplýsingar um hvaða upplýsingar vegna ofangreindra aðila skuli skrá, svo sem heiti, kennitölu, rekstrar- eða félagsform o.fl. Að auki geymir fyrirtækjaskrá upplýsingar um stjórnarmenn félags, framkvæmdarstjóra prókúruhafa o.fl.

KPMG leggur til að frumvarpinu verði breytt á þann hátt að skýrt verði kveðið á um að allar upplýsingar og gögn (þ.m.t. skönnuð skjöl líkt og fundargerðir og bókanir í gerðarbækur félaga) sem ársreikningaskrá og fyrirtækjaskrá hafa að geyma verði aðgengilegar almenningi að kostnaðarlausu við rafræna uppflettingu.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

